



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð.

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Reykjavík, 2. september 2024

SFS23110177

MINNISBLAÐ

Efni: Vegna upplýsinga um fjölda kennara með leyfisbréf og fjöldi leiðbeinenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Skóla- og frístundasvið hefur áður veitt skóla- og frístundaráði upplýsingar um fjölda kennara sem ekki hafa leyfisbréf og sem starfa í grunnskólum Reykjavíkurborgar, sbr. undanþáguheimild þá sem finna má í 19. gr. laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Þann 1. apríl sl. tóku gildi lög um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, nr. 91/2023. Við gildistökuna var Menntamálastofnun lögð niður og færðust ýmis verkefni sem áður voru hjá Menntamálastofnun yfir til mennta- og barnamálaráðuneytisins, m.a. afgreiðsla umsókna um undanþágu vegna ráðningar kennara í grunnskóla sem ekki hefur leyfisbréf á grundvelli fyrrgreindar 19. gr. laga nr. 95/2019.

Skóla- og frístundasvið átti áður í reglubundnum samskiptum við Menntamálastofnun til að fá upplýsingar um fjölda framangreindra starfsmanna í grunnskólum borgarinnar hverju sinni. Eftir að afgreiðsla undanþágubeiðna vegna kennara án réttinda fluttist yfir til ráðuneytisins hafa skóla- og frístundasviði ekki borist nýjar upplýsingar. Mun sviðið beina því til ráðuneytisins að utan um upplýsingarnar verði haldið á sambærilegan hátt og gert var hjá Menntamálastofnun áður svo hægt sé að sækja tölfræði með reglubundnum hætti.

Skóla- og frístundasvið óskaði ítrekað eftir að fá tölfræði úr málaskrá Menntamálastofnunar fyrir skólaárin 2022-2023 og 2023-2024, síðast með tölvupósti í byrjun mars 2024. Óskað var eftir upplýsingum um fjölda undanþága í grunnskólum Reykjavíkur eftir skólum og menntunarstig þeirra einstaklinga sem um ræðir. Þá var jafnframt óskað eftir fjölda tilkynninga um ráðningu kennsluréttindanema eftir skólum í Reykjavík. Gögnin sem bárust í lok mars 2024 voru ónothæf. Fram kom af hálfu stofnunarinnar að í þeim upplýsingum sem



veittar voru gætu leynst umsóknir fyrir skólaárið 2020 til 2021. Í upplýsingunum kom fram fjöldi veittra undanþága á tímabilinu, nafn grunnskóla sem hver undanþága var vegna og menntunarstig umsækjenda.

Til þess að fá einhverja mynd af því hver fjöldi kennara án leyfisbréfs er að störfum um þessar mundir mun sviðið yfirfara fyrirbyggjandi gögn úr mannauðskerfum borgarinnar og skoða hvort telja megi fjölda undanþága út frá starfsheitum kennara í grunnskólum. Einnig mun sviðið leggja fram spurningu í stjórnendavagni í október nk. um fjölda starfsfólks síðastliðið og núverandi skólaár sem eru með undanþágu frá kröfu um leyfisbréf sem og fjölda nema að störfum sem leggja stund á nám til kennsluréttinda. Rétt er að taka fram að með öflun framangreindra upplýsinga munu ekki fást upplýsingar um menntun viðkomandi starfsmanna og því verður haldið áfram að krefja ráðuneytið um að það sinni hlutverki sínu með fullnægjandi hætti. Niðurstaða úr framangreindri könnun verður kynnt þegar hún liggur fyrir.